



STARFSÁÆTLUN ÞEBU 2023- 2024.DOCX



ÞEBA



Dúna Baldursdóttir
duna@kopavogur.is

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	2
Félagsmiðstöðvadaatal	2
Starfið í vetur	3
Hópastarf	5
Sumaropnun félagsmiðstöðvar	6
Unglingaráð	6
Foreldrasamstarf	7
Verkefni tengd aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar.....	7
Verkferlar.....	8
Innra og ytra mat.....	8
Símenntun	9
Fjöldatölur veturinn 2022-2023	10
Starfsfólk	11

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Þeba er frítímaþjónusta fyrir börn og unglinga í 8.-10. bekk í Smáraskóla. Skrifstofa Þebu er staðsett inn af matsal Smáraskóla. Á kvöldopnunum notum við matsalinn og miðrymi ofan við matsalinn í starfið. Einnig fær félagsmiðstöðin afnot af kennslustofum í samráði við kennara Smáraskóla þegar á þarf að halda. Fjöldi skráðra barna í 8.-10. bekk eru 142.

Opnunartímar:

Mánudagar 17:00-18:30 og 19:30-22:00.

Miðvikudagar 17:00-18:30 og 19:30-22:00.

Annar hver föstudagar 19:30-23:00.

Einnig eru dag- og hádegisopnanir sem taka mið af viðveru forstöðumanns og starfsmanns Þebu.

Félagsmiðstöðvadaatal

JÚLÍ '24	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 M	1 F Opó	1 S	1 M Nordic Youth Month / Stuttmýndasíða	1 F	1 M Nýársdagur	1 F	1 F Opó - Skíðahafi Félö	1 M Annar í Þessum	1 M Venjaskýdagurinn	1 L
2 Þ	2 L	2 M Forvarnir - starfse	2 F	2 L	2 Þ Liti forstöðumannafundur / Nönn	2 F Nýársdál - Pegasus	2 L Skíðahafi Félö	2 Þ Forstöðumannafundur	2 F	2 S
3 M	3 S	3 Þ Forstöðumannafundur	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S Skíðahafi Félö	3 M Skráning í söngkeppi Samtes heiti	3 F Samfestingurinn / ferð vakt	3 M Sumarspurur - félagsmiðstöðva heiti
4 F	4 M	4 M Forvarnir - Fönn	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M Skíðahafi Félö	4 F	4 L Söngkeppi Samtes	4 Þ
5 F	5 Þ Forstöðumannafundur	5 F	5 S	5 Þ Liti forstöðumannafundur / lgi	5 F Samtes-Con / Opó	5 M	5 Þ Forstöðumannafundur	5 F	5 S	5 M
6 L	6 M	6 F Auka flutnings opun - Landmót Samtes	6 M Forstöðumannafundur	6 M	6 L Sveitardinn	6 Þ Forstöðumannafundur	6 M	6 L	6 M	6 F
7 S	7 F	7 L Landmót Samtes	7 Þ Liti forstöðumannafundur / Ekko	7 F	7 S	7 M Viku s	7 F	7 S	7 Þ Forstöðumannafundur / Pegasus	7 F
8 M	8 F	8 S Landmót Samtes	8 M Baráttudagur gegn einelt / Stuttmýndasíða	8 F Júlíabál - Dinnu	8 M Forstöðumannafundur	8 F	8 F	8 M	8 M Skiptingardagur - Músíksöfnun	8 L
9 Þ	9 L	9 M Moavika	9 F	9 L	9 Þ Forstöðumannafundur	9 F	9 L	9 Þ Liti forstöðumannafundur / kjeminn	9 F Upptögningsdagur	9 S
10 M	10 S	10 Þ	10 F Rafþróttamót Félö - Fönn	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F Vakt ferð til 3. maí	10 M
11 F	11 M	11 M Moavika	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ
12 F	12 Þ Liti forstöðumannafundur / Hólan	12 F	12 S	12 Þ Forstöðumannafundur	12 F	12 M Boludagur	12 Þ Liti forstöðumannafundur / Þessi	12 F Opó	12 S	12 M
13 L	13 M	13 F Opó	13 M	13 M	13 L	13 Þ Söngkeppi Félö / Óskuldagur	13 M	13 L	13 M	13 F
14 S	14 F Starfudagur Samtes	14 L	14 Þ Forstöðumannafundur	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ Forstöðumannafundur	14 F
15 M	15 F Starfudagur Samtes / Opó	15 S	15 M Stuttmýndasíða Félö - Salurinn	15 F	15 M	15 F	15 F Rafþróttamót Samtes og Ekko / Opó	15 M	15 M	15 L
16 Þ	16 L	16 M Félagsmiðstöðva- og ungmennahússavika	16 F	16 L	16 Þ Liti forstöðumannafundur / Dinnu	16 F Landsping Samtes+ / Opó	16 L Rafþróttamót Samtes og Ekko	16 Þ Forstöðumannafundur	16 F	16 S
17 M	17 S	17 Þ Forstöðumannafundur	17 F Auka flutnings opun - Rinnafélag	17 S	17 M	17 L Landsping Samtes+	17 S	17 M	17 F	17 M Lyðveldisdagurinn
18 F	18 M	18 M Stuttmýndasíða	18 L	18 M	18 F	18 S Landsping Samtes+	18 M	18 F Aðalfundur Samtes	18 L	18 Þ
19 F	19 Þ Forstöðumannafundur	19 F	19 S	19 Þ Liti forstöðumannafundur / Pegasus	19 F Dansekeppi Samtes / opó	19 M Veitarmót / Forstöðumannafundur	19 Þ Forstöðumannafundur	19 F Aðalfundur Samtes	19 S Hvítasunnudagur	19 M
20 M	20 F	20 F	20 M Dagur minnstinda barna	20 M Jóskakempanir	20 L Stú Samtes	20 Þ Forstöðumannafundur	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F
21 M	21 F	21 L	21 Þ Liti forstöðumannafundur / kjeminn	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ Liti forstöðumannafundur / Dinnu	21 F
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F Opó	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Þorlákshöfudinn	23 Þ Forstöðumannafundur	23 F	23 L	23 Þ Liti forstöðumannafundur / lgi	23 F	23 S
24 F	24 S	24 Þ Liti forstöðumannafundur / Þessi	24 F Nordic Youth Summit i Hrópu Opó	24 S Aftangagur jóla	24 M	24 L	24 S Þráttasunnudagur	24 M	24 F Vakt ferð til 31. maí	24 M
25 F	25 M	25 M Stuttmýndasíða	25 L Nordic Youth Summit i Hrópu	25 M Jóskadagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ
26 L	26 Þ Liti forstöðumannafundur / Fönn	26 F Veitarmót	26 S	26 Þ Annar í jólu	26 F	26 M	26 Þ Liti forstöðumannafundur / Ekko	26 F Opó	26 S	26 M Útlegga
27 S	27 M (M - staðsetning skilveð)	27 F Rafþróttamót Samtes og Ekko	27 M	27 M	27 L	27 Þ Liti forstöðumannafundur / Hólan	27 M	27 L	27 M	27 F
28 M	28 F	28 L Ekko	28 Þ Forstöðumannafundur	28 F	28 S	28 M	28 F Skíðadagur	28 S	28 Þ Forstöðumannafundur	28 F
29 Þ	29 F (M - Fíflar - Baki - Þeba)	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F Þorlákshöfudinn lang	29 M	29 M	29 L
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ Liti forstöðumannafundur / Hólan	30 Þ	30 L	30 Þ Forstöðumannafundur	30 F	30 S
31 F		31 Þ Forstöðumannafundur		31 S Samtesdagur	31 M		31 S Þorlákshöfudinn		31 F Félö heiti - ferð vakt	

Starfið í vetur

Í þebu er opið í jóla, páska og vetrarfríum þegar skólinn er að jafnaði lokaður. Starfið er þá miðað út frá þörfum einstaklinga og hópa sem félagsmiðstöðina sækja. Allir unglingar í 8. – 10. bekk sem búa í Smárahverfinu eru velkomnir á opnanir í þebu. Skráning er einungis tekin hjá þeim sem þess óska og vilja safna sér mætingastigum vegna Samfestingsins sem haldin er af Samfés 3. – 4. maí 2024.

Einnig erum við að innleiða Sportabler sem er mætinga og greiðslukerfi og hlökkum við til að sjá hvernig það gagnast okkur í vetur.

Opnanir fyrir miðstig er á miðvikudögum milli 17:00 – 18:30. Árgangarnir skiptast á vikum að koma í þebu og fá foreldrar upplýsingar um þær opnanir.

Á dagskrá þebu eru starfsmannafundir í fyrri opnun einu sinni í mánuði ýmist á mánudögum eða miðvikudögum. Þessir fundir með starfsmönnum þebu eru nýttir til að skipuleggja starfið og ræða einstaka mál sem geta komið upp. Forstöðumaður situr fundi með aðstoðarskólastjóra og námsráðgjafa vikulega (og oftast ef þarf) til að fara yfir málefni þeirra barna og unglinga sem þurfa sérstaka athygli, t.d. vegna áhættuhegðunar eða félagslegrar einangrunar. Þetta samstarf við skólann hefur gengið vel undanfarin ár og mun halda áfram næsta starfsár. Varðandi nemenda- og þeburáð er stefnt að því að vera með sameiginlegt ráð. en auk þess bjóða nemendum sem áhuga hafa á að taka þátt í þeburáði til að taka þátt í skipulagningu viðburða og koma að gerð dagskrá félagsmiðstöðvarinnar. Í þeburáði eru þeir unglingar sem hafa áhuga á að taka þátt og efla starfið í félagsmiðstöðinni.

Miðstig 5. 6. og 7. bekkur

Í þebu er lögð áhersla á að allir sem þangað sækja geti látið sér líða vel. Áætlunin með miðstigið er að venja þau við að koma í félagsmiðstöðina sína þannig að þegar þau koma á unglingastigið og fá að vera meira að þau séu vön reglunum og finni sig örugg. Undanfarin ár hefur starfið verið með þeim hætti að tvisvar sinnum í mánuði hefur miðstigið verið boðið velkomið á fyrri opnun í þebu. Í fyrravetur lögðum við nokkra áherslu á að ná inn miðstiginu og vorum við með þau til skiptis eftir árgöngum á miðvikudögum. Í vetur munum við halda þessu starfi áfram með þessum hætti. Okkur gekk betur að tengjast krökkunum á miðstiginu í heild með þessum hætti. Stefnt er að því að koma upp þeburáði fyrir miðstig sem mun vera okkur innan handar varðandi dagskrá fyrir miðstigið. Í maí er 7. bekk svo boðið að koma inn eins og unglingunum á kvöldin milli kl 19:30 og 22:00 mánudaga og miðvikudaga.

Unglingastig 8., 9., og 10. bekkur

Fyrir unglingastigið er að sjálfsögðu sömu áherslur hvað varðar öryggi. Við leggjum mikið upp úr því að hverjum og einum sé heilsað þegar hann mætir. Við viljum vera staðurinn þar sem unglingar leita til ef

þau finna sig í vanda af einhverjum ástæðum. Opnanir fyrir unglinga eru skipulagðar í samstarfi við þau. Nemendaráðið sem forstöðumaður og kennari skólans sjá um skipuleggur dagskrá og starfsfólk þebu aðstoðar við framkvæmd viðburða sem skipulagðir eru af nemendaráðinu.

Klúbbastarf

Klúbbastarf í þebu mun vera skipulagt í samstarfi við unglingana. Þeir klúbbar sem hafa verið hvað vinsælastir síðastliðin ár verður haldið áfram og mögulega nýjum bætt við. Þetta eru klúbbar eins og matar- og bökunarklúbbar, brjóstsykursgerð, D&D, spilaklúbbar, Píla og Pool, LAN o.s.frv.

Viðburðir í vetur

Viðburðir þebu eru margbreytilegir og ákveðnir mánuð fyrir mánuð. Helst ber að nefna kökukeppnir, brjóstsykursgerð, feluleikur, spilakvöld, náttfatanótt, fífamót, borðtennis, körfuboltamót, pool, matarklúbbar, bökunarklúbbar, ferðir, heimsóknir og annað. Sameiginlegir viðburðir eru t.d. Íþróttadagar, forvarnavika, LAN mót, söngkeppni, skíðaferð, stuttmyndahátíð, GETKÓ, nýársball og félagsmiðstöðvahátíð. Viðburðir í samstarfi við skólann eru árshátíð og jólaball.

Viðburðir í samstarfi við Samfés

Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva & ungmennahúsa, heldur úti viðburðum á landsvísu. Hér má sjá dagskrá Samfés fyrir veturinn 2022-2023:

DAGSKRÁ SAMFÉS 2023 - 2024	
SEPT23 14.-15. SEPT. Starfsdagar Samfés	FEB24 16. - 18. FEB. Landsþing Samfés+
OKT23 6.- 8. OKT. Landsmót Samfés 16.- 20. OKT. Félagsmiðstöðva og ungmennahúsa vikan 27.- 28. OKT. Rafíþróttamót Samfés og Elko	MARS24 15.-16. MARS Rafíþróttamót Samfés og Elko
NÓV23 NÓV - Nordic youth month! 24.- 25. NÓV. Nordic youth summit í Hörpu 17. NÓV. Rímnaflæði	APRÍL24 2. APRÍL Undankeppnum söngkeppni Samfés lýkur 3. APRÍL Skráning í söngkeppni Samfés hefst 18.-19. APRÍL Aðalfundur Samfés
JAN24 5. JAN. Samfés-con 26. JAN. Danskeppni Samfés 27. JAN. Stíll hönnunarkeppni	MAÍ24 3. - 4. MAÍ SamFestingurinn í Laugardalshöll

Hópastarf

Í þebu fá raddir barna að njóta sín og hafa þau alvöru áhrif í starfinu á grundvelli 12. og 13. greina Barnasáttmálans. Starfsfólkið hlustar á skoðanir þeirra, tekur mark á þeim og aðstoðar þau að framkvæma þær hugmyndir sem varpað er fram. Hvað varðar Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna erum við að vinna ómeðvitað í þeim hvern einasta dag. Hægt er að fá sér í svanginn í þebu nánast alltaf. Við eflum heilsu og vellíðan með alls kyns klúbbum bæði matar- og hreyfíklúbbum. Við gætum þess að vera ekki að nota einnota umbúðir eins og plastglös heldur vöskum við frekar upp eftir okkur svo dæmi séu tekin. Fáum reglulega gefins mat frá bakaríum eftir að þau loka til að minnka matarsóun.

Sértækt hópastarf

Í starfi félagsmiðstöðvarinnar erum við alltaf að vinna með að ýta undir jákvæð samskipti á meðal unglinganna. Í gegnum klúbbastarfið okkar þá reynum við að efla þann hóp sem sérstaklega á þarf að halda til þátttöku í starfinu t.d. með D&D hlutverkaspil og nú nýverið hefur ákveðinn hópur verið mjög spenntur fyrir brjóstsykursgerð. Einnig er sérverkefnið okkar það sem snýr að hreyfingu og útivist. Við tökum þátt í Laugavegsgöngu 8. bekkjar hvert haust og hefur það gefið mjög góða byrjun hjá 8. bekk hvað varðar mætingar í félagsmiðstöðina. Planið í vetur er að fara í fjallgöngur með árgangana á sitt fjall en hver árgangur á fjall til að ganga á hvern vetur.

Félkó miðstöðin

Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundaeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. Félkó miðstöðin býður upp á margskonar aðstöðu sem hentar bæði hópum og einstaklingum að koma í með starfsfólki félagsmiðstöðvanna. Hinsegin félagsmiðstöðin er til dæmis með fasta viðveru í Félkó-miðstöðinni sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Unnið er að koma á Velkomin opnanir, þar sem tekið er sérstaklega á mót nemendum með annað móðurmál en íslensku. Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþróttar- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþróttar- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í **Velkomin** fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi. Í Félkó miðstöðinni má m.a. finna rafíþróttaver, listasmiðju þar sem má finna saumavélar, þrívíddaprentara, þrjóna- og föndurvörur, og annað efni til listsköpunar. Í sama rými er einnig aðgengilegt borð- og hlutverkspila búnaður. Félagsmiðstöðvarnar og aðrar stofnanir frístundaeildar geta allar skráð sig í viðeigandi aðstöðu. Frá og með áramótum þegar Félkó-miðstöðin fór af stað hefur þetta gengið vonum framar, en unglingar úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs hafa

komið og nýtt sér aðstöðuna sem og hefur aðstaðan sömuleiðis nýst Höfuð-Borginni sem er með aðstöðu í sama húsnæði og er þjónusta ætluð ungu fólki 16-20 ára með fötlun.

Sumaropnun

Þeba er með sumaropnanir í félagsmiðstöðinni á sumrin. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Annarsvegar er boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 13 ára börn og hins vegar dag- og kvöldopnanir fyrir unglunga. Sumarsmiðjurnar eru af ýmsum toga t.d. brjóstsykursgerð, Tie dye bolamálun, hjóla- og sundferðir, heimsóknir, dans, bakstur o.fl. Starf fyrir unglunga var í formi sértæks- og skipulags hópastarfs, vettvangsferða og viðburða. Í sumaropnun félagsmiðstöðvarinnar gátu börn og unglingar komið saman í öruggu og uppbyggilegu umhverfi, og hver og einn notið sín. Lögð var áhersla á skemmtilegt og skapandi starf, jafnt innan sem utandyra, en útivist skipaði ákveðinn sess í sumarstarfinu þetta sumarið. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði í sumar fyrir unglunga en var lögð áhersla á virkni og útiveru. Í boði var frisbígolf, lasertag, sundferðir, bíóferð, vatnsbyssustríð, útileikir, brjóstsykursgerð, ísferðir og fleira. Dag- og kvöldopnanir voru á mánudögum og miðvikudögum, aðra virka daga voru svo dagopnanir sem tóku mið af sértæku hópastarfi og samstarfi við Vinnuskóla Kópavogs. Á sumrin er starfsfólk þebu í samskiptum og samvinnu við vinnuskólann. Unglingarnir geta fengið að mæta til okkar þegar opnun var í þebu þegar þau voru í hádegishléi eða pásu. Unglingar geta einnig sóst eftir að vinna í þebu í stað þess að vera úti í beðið og hefur það samstarf gengið vel. Í tengslum við styrk sem félagsmiðstöðvarnar fengu til að auka stuðning við börn í skipulögðu frístundastarfi á aldrinum 12-16 ára var farið af stað með nýsköpunarverkefnið Félkó-Flakkandi félagsmiðstöð. Flakkandi félagsmiðstöð var hugsuð sem áframhald af sumaropnun félagsmiðstöðva en starfaði þvert á Kópavog, og því ekki bundinn við eitt hverfi. Markmið með Félkó-flakkandi félagsmiðstöð var að virkja áfram einstaklinga sem þurftu sérstaka hvatningu og stuðning á að halda vegna félagslegrar stöðu sinnar sem og bjóða ungu fólki í sveitarfélaginu skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf með sínum jafnöldrum.

Barna og unglingaráð

Er unnið í samvinnu með skólanum og kjósa unglingarnir í ráðið lýðræðislega.

Félkóraráð

Í Félkóraráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóraráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fullrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fullrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés.

Foreldrasamstarf

Forstöðumaður fer inn á námsefniskynningu fyrir allt unglingastigið og kynnir starf félagsmiðstöðvarinnar fyrir foreldrum. Samstarf við foreldrafélag hefur verið gott undanfarin ár. Foreldrafélagið hefur sóst eftir að fá að vita hvað það er sem vantar inn í félagsmiðstöðina. Forstöðumaður fer inn á fund hjá stjórn foreldrafélagsins og stillir saman strengi við þau hvað varðar foreldrarölt og annað. Þeða heldur úti Facebook grúppu sem heitir þeða foreldrar og fara upplýsingar varðandi opnanir og viðburði inn í þá grúppu. Einnig eru upplýsingar sendar út í gegnum Mentor á foreldra.

Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar

- Auka þátttöku einstaklinga og hópa í sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðum í öllum grunnskólum í Kópavogi, með það að markmiði að bæta andlega líðan, félagsfærni, sjálfsöryggi og samhygð.
- Gera mælingar til meta árangur af starfi sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum Kópavogs.
- Efla þátttöku barna og unglunga með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn í skipulögðu frístunda- og íþróttastarfi. Sérstök áhersla er á vinnu með börnum með fötlun, með annað móðurmál en íslensku og börnum sem búa við bágar félagslegar aðstæður.

Verkferlar

- Neyðaráætlun
Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.
- Öryggisgátlisti
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Handbók um starfið
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)
Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaráætlunum í samstarfi við skóla og upplýsir starfsfólk.
- Gátlistar vegna sértæks hópastarfs
Móttaka nemanda með annað móðurmál en íslensku og gátlisti vegna eineltis.

Innra mat og ytra

Innra mat

Starfsfólk er hvatt til að segja skoðun sína og hafa áhrif á starfið á starfsmannafundum. Þeburáðið er skipað unglungum sem hafa áhrif á starfið og koma upplýsingum frá unglungunum til forstöðumanns og starfsfólks þannig við fáum mynd af því hvað þau vilja að félagsmiðstöðin sé að gera. Við höldum dagbók og skrifum eftir hverja kvöldopnun í hana. Hversu margir mættu og hvernig kvöldið var í heild. **Lagðar** eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10.bekk sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglunga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi. Niðurstöður frá Rannsókn og greining um hagir og líðan ungs fólks í Kópavogi gefa út skólaskýrslur fyrir

hvern skóla. Stjórnendur eru hvattir til að rýna skýrsluna í samvinnu við skóla til að koma betur á auga á þætti sem þarf að styrkja í sínu skólahverfi. Mætingatölur eru einnig teknar saman fyrir hvern mánuð.

Ytra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða félagsmiðstöð fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglinga sem félagsmiðstöðina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Símenntun

Starfsmannafræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Við í þebu leitumst við að finna fræðslu sem unglingarnir hafa gaman af og áhuga á hverju sinni. Einnig sjáum við starfsfólkið um að fræða og verðum við með samfélagsmiðla og orkudrykkjafræðslu fyrir 8.-10.bekk í vetur.


Símenntunaráætlun 2023-2024

Dagsetning	Fræðsluerindi	Efni	Staðsetning	Leiðbeinandi
23. ágúst	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva. <u>Böll, útivaktir, sértækt hópastarf, nýir starfsmenn, tilkynning til barnaverndar, frístundadeild</u>	Smáraskóli	Forstöðumenn félagsmiðstöðva
25.ágúst	Velkomin til starfa!	Hópeflis æfingar fyrir starfsmenn og gleði 😊	Gufunesbær	Forstöðumenn félagsmiðstöðva og ST-URTAN
?	Skyndihjálp	Skyndihjálp	Fræðsluvefur Kópavogsbær	Mannauðsdeild Kópavogsbæjar

2. október	Hinsegin fræðsla – Hinsegin vika í tengslum við Forvarnardaginn	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Fönix	Verum góð
6.nóvember	Verkfærakistu-Dagur Spilasmíðja, D&D, brjóstsýkursgerð, föndur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Félkó-miðstöðin	Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
4.desember	Fræðsla-Farsældarlögin	Fyrir stjórnendur og starfsfólk frístundadeildar	Þeba	Sólveig Norðfjörð, innleiðingarteymi farsældarlaga á menntasviði
8.janúar	Sjálfsvarnarnámskeið	Sjálfsvörn	Íþróttahúsið Digranesi	Jón Viðar Sporthúsið
25.janúar	Stjórnendafræðsla	Árangur í teymisvinnu	Fannborg 2, herbergi Völlur	Ragnheiður Aradóttir
5.febrúar	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Kolbrún jafnréttisfulltrúi Rvk borgar og Samfés
4.mars	Verkfærakistu-dagur	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn

Fjöldatölur veturinn 2022-2023

Fjöldi þeirra sem sótti Þebu veturinn 2022-2023 hélst nokkuð jafn yfir árið og vorum við starfsfólkið heilti yfir mjög ánægð með mætinguna. Margar opnanir fóru þó þannig að við breyttumst úr fagfólki í að vera í gæslu því það er alþekkt í okkar starfi að mikill fjöldi ýtir alls ekki undir gæðastarf. Með gæðastarfi er átt við að við getum einbeitt okkur að ákveðnum einstaklingum sem þurfa á starfinu okkar að halda sem eru ansi margir. Því er reikningsformúlan sem notuð er til að finna út fjölda starfsmanna ansi skökk í okkar tilviki. Það þyrfti að taka aðeins meira tillit til þess hversu margir unglingar eru raunverulega að mæta í félagsmiðstöðina sína frekar en fjöldi unglinga á unglingastigi.



Starfsfólk 2023-2024

Dúna Svava Baldursdóttir – forstöðumaður

Aron Brink – frístundaleiðbeinandi

Gabríela Líf Ragnarsdóttir – frístundaleiðbeinandi

Ásgeir Kristján Karlsson – frístundaleiðbeinandi